

Sælingsdalslaug desember

Í desember verður Sælingsdalslaug opin á
mánudögum kl. 20-22
þriðjudögum kl. 15:30-20
miðvikudögum kl. 18-22
fimmtudögum kl. 16-18
laugardögum kl. 14-18

Lokað verður alla hátíðisdaga; 24.-26. desember og 31. desember – 1. janúar. Opið verður virka daga milli hátíðanna.

Endurvinnslustöðin í Búðardal

Endurvinnslustöðin í Búðardal er opin á þriðjudögum kl. 15-18 og á laugardögum kl. 11-14. Auk þess geta íbúar komið með flokkað sorp á flokkunarstöðinni við Vesturbraut (gámavellinum) á öllum tímum sólarhrings og losað í flokkunarkrá.

Í flokkunarkrá er hægt að láta frá sér fernur, bylgjupappa, sléttan pappa, dagblöð, tímarit, annan pappír, málma, niðursuðudósir, rafhlöður, plastfilmu, plastpoka, plastbrúsa, aðrar plastumbúðir og kertavax.

Annað endurvinnsluefni og úrgang, það er stærri hluti, spilliefni, frauðplast, timbur, járn og gler þarf eftir sem áður að láta frá sér á opnunartíma flokkunarstöðvarinnar.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafnið er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13 -18. Síminn er 430 4720 og netfangið bokasafn@dalir.is.



DALAPÓSTURINN

13. tölublað, 9. árgangur

23.nóvember 2016

Jólatré við Auðarskóla

Kveikt verður á jólatré við Auðarskóla þriðjudaginn 6. desember kl. 17:30.

Að venju verður dansað í kringum tréð og sungin jólalög, kannski með aðstoð jólasveina.

Á eftir verður boðið upp á kaffi, súkkulaði og piparkökur í Dalabúð.

Byggðasafn Dalamanna - gulladagur

Laugardaginn 26. nóvember verður gulladagur (dótadagur) á Byggðasafni Dalamanna. Barnaleiðsögn verður um helstu gullastaði safnsins og í baðstofunni verður sögð saga. Gestir eru hvattir til að taka leikfang með sér á safnið og skiptast á sögum um það við aðra gesti.

Aðgangseyrir er 500 kr. Frítt er fyrir fullorðna í fylgd barna (17 ára og yngri). Kaffi á könnunni, ávaxtasafi og spjall. Börn á öllum aldri eru velkomin með dótið sitt. Sælingsdalslaug er síðan opin kl. 14-18 fyrir þá sem vilja nýta ferðina.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson mun síðan sjá um sögustund þann 3. desember og 17. desember verður sögustund með jólatengdu efni.

Ormahreinsun hunda

Hér með tilkynnist að árleg hundahreinsun fer fram hjá Gísla Sverri Halldórssyni dýralæki að Ægisbraut 19 í Búðardal miðvikudaginn 7. desember 2016 milli kl. 16:00 og 18:00.

Eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að láta ormahreinsa hund sinn árlega. Tilgangur hreinsunarinnar er að fyrirbyggja sýkingar hjá mönnum af völdum bandorma og spóluorma í hundum. [57. gr. reglugerðar nr. 941/2002]

Skv. gjaldskrá Dalabyggðar fyrir hundahald er hundahreinsun og ábyrgðartrygging innifalin í árlegu gjaldi sem hefur þegar verið innheimt af eigendum skráðra hunda.

Eigendur óskráðra hunda eru vinsamlega beðnir um að skrá hunda sína hið fyrsta á skrifstofu Dalabyggðar. Einnig má skila útfylltu skráningarblaði hjá dýralækni samhliða hundahreinsun og mun þá Dalabyggð greiða hreinsunina og kaupa ábyrgðartryggingu fyrir hundinn.

Hundahreinsun í dreifbýli fer fram samhliða garnaveikibólusetningu sauðfjár og öðrum ferðum dýralæknis. Hundaeigendur í dreifbýli sem ekki eiga sauðfé eru beðnir um láta dýrarlækni vita af þeim hundum svo hægt verði að meðhöndla þá í sömu ferð.

Ormahreinsun katta

Eiganda eða umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri.

Eigandi eða umráðamaður kattar geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er. [58. gr. reglugerðar nr. 941/2002]

Dalabyggð hefur ekki sett samþykkt um kattahald.

Eigendum katta er bent á að hafa samband við Gísla dýralækni varðandi ormahreinsun.

Tillaga að deiliskipulagi í Ólafsdal

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. september 2016 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Ólafsdal í Dalabyggð skv. 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010.

Markmið deiliskipulagsins er fyrst og fremst verndun og viðhald menningarlandslags í Ólafsdal og uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu. Minjavernd undirgengst með samningi við ríkið að annast viðhald bygginga í Ólafsdal og að endurreisa hús og valin mannvirki sem hafa fallið eða verið rifin. Miðað er við að öll húsin verði í framtíðinni nýtt til þjónustu ferðamanna.

Skipulags- og skýringaruppdrættir, greinargerð og fornleifaskráning liggja frammi á skrifstofu Dalabyggðar frá 10. nóvember til 23. desember 2016. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins

Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal eða á netfangið byggingarfulltrui@dalir.is merkt „Deiliskipulag Ólafsdal“ fyrir 23. desember 2016.

Endurvinnslustöð - afleysingar

Í Endurvinnslustöð vantar aðila sem eru tilbúnir til að taka að sér afleysingar á opnunartímum stöðvarinnar á laugardögum kl. 11-14.

Ekki er um fastan vinnutíma að ræða, heldur afleysingar í forföllum fastra starfsmanna.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum.

Áhugasamir hafi samband við Viðar í síma 894 0013 eða netfangið vidar@dalir.is